

Skýrsla stjórnar Skagafjarðarveitna ehf fyrir starfsárið 2009.

Ákveðið var að bjóða út hitaveitu í Sæmundarhlíð og var byrjað á að bjóða út efni. Tilboð voru opnuð 28. apríl og átti Set ehf lágsta tilboðið. Þegar hagkvæmnisútreikningar voru endurskoðaðir ákvað stjórnin að fresta framkvæmdum um óákveðinn tíma þar sem heimæðagjöld höfðu hækkað mikið frá fyrri útreikningum. Allar nýjar hitaveitur hafa verið reiknaðar þannig að framkvæmdin á að borga sig upp á 15 til 20 árum. Það er ljóst miðað við núverandi aðstæður að ekki verður hægt að ná þessu markmiði varðandi nýjar veitur. Þetta var erfið ákvörðun og olli miklum vonbrigðum hjá íbúum í Sæmundarhlíðinni. Lausafjárstaða Skagafjarðarveitna var erfið á þessum tíma, og efnahagsástand ótryggt, sem var afleiðing af efnahagshruninu árið 2008. Ákveðið var að draga úr framkvæmdum, gæta aðhalds í rekstri og bæta þannig fjárhagsstöðuna.

Helstu framkvæmdir á árinu voru:

- Ný dælustöð á Sólgörðum í Fljótum og lagnir endurnýjaðar.
- Lögð ný kaldvatnslögn á Vindheimamela, en það verkefni var greitt af Sveitarfélaginu Skagafirði, Gullhyl ehf og Skagafjarðarveitum. Verkið var boðið út í lokuðu útboði og var samið við lægstbjóðanda Steypustöð Skagafjarðar.
- Lokið við frágang á vatnsveitu á Hólum í Hjaltadal, en þar var byggður nýr vatnstankur.
- Lokið við frágang á vatnsveitu á Steinsstöðum en byggður var nýr vatnstankur í landi Skíðastaða.


Kaupfélag Skagafirðinga óskaði eftir viðræðum um kaup á heitu vatni til að nota í Vallhólma. Farið var í viðræður við forsvarsmenn fyrirtækisins en þeim er ekki lokið.

Skipaður var starfshópur í nóvember sem hafði það hlutverk að meta kosti og galla á mögulegum tilflutningi fráveitu til Skagafjarðarveitna ehf um næstu áramót. Einnig átti starfshópurinn að fara yfir verkefni einstakra eininga eins og Eignasjóðs, Þjónustustöðvar, Fráveitu og Skagafjarðarveitna þar sem þau skarast og gera tillögu um fyrirkomulag komi til tilflutnings. Niðurstaða hópsins varð sú að breyting á núverandi fyrirkomulagi skili afar litlum, ef nokkrum, sparnaði í rekstri sveitarfélagsins.

Gjaldskrá hitaveitu var hækkuð þrisvar á árinu um samtals 9.8 %, á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 6,6 % og byggingarvísitala um 4,7 %.

Stjórnarfundir voru samtals 17 á árinu. Fastir starfsmenn voru 10 um áramót og eru þeim þökkuð vel unnin störf.

F.h. stjórnar Skagafjarðarveitna


Einar Gíslason stjórnarformaður


Páll Pálsson framkvæmdastjóri